

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Hörður Oddfríðarson, Viktoría Gísladóttir og Hilmar Örn Jónasson, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Leifur Guðni Grétarsson, Elsa María Guðmundsdóttir og Oddur Örnólfsson,

Afboða, mæta ekki : Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 15.12.2021 settur kl. 18.30. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Farið var yfir reglur sem gilda um sundfólk ársins og farið yfir stigagjöfina fyrir árið sem er að líða. Sundmaður ársins er Anton Sveinn McKee og sundkona ársins er Snæfríður Sól Jórunnardóttir. Stjórn SSÍ óskar þeim til hamingju með titlana.
- b. Farið var yfir breytinár á reglugerð fyrir AMÍ og SMÍ sem er niðurstaða vinnuhóps sem starfað hefur frá síðasta sundþingi. Hópurinn skilaði frá sér tillögum í byrjun nóvember. Hópurinn var þannig skipaður: Arna Þórey, Eyleifur, Hilmar Smári, Kjell og Mladen. Haldin var fjölmennur fundur innan hreyfingarinnar þann 24. nóvember síðastliðin þar sem niðurstöður hópsins voru kynntar. Margar góðar ábendingar og athugasemdir komu frá þeim fundi og þann 30. nóvember skilaði vinnuhópurinn loka niðurstöðu sína með tilliti til þeirra athugasemda sem komu. Farið var yfir nýja reglugerð vegna AMÍ og hún samþykkt.
- c. Ekki er talið að það þurfi að gera sérstaka reglugerð um SMÍ þar sem það er alþjóðlegt mót ekki ósvipað og RIG og þarf því ekki að fara inn í reglugerð yfir SSÍ meistaramót.
- d. Farið var yfir fundargerð starfshóps um mótamál frá 9. desember.
- e. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með ÍSÍ vegna fjárhagsáætlunar 2022 og hugsanlegra úthlutana frá afrekssjóði.
- f. Næsta mót er Bikar í Reykjanesbæ 17 og 18. desember. Farið var yfir lista þáttökuliða og hún staðfest. Undirbúningur fyrir mótið gengur vel. Óskað er eftir að keppendur og starfsfólk mótsins fari í hraðpróf. Að venju verður streymt frá mótinu.

3. Afreksmál

- a. HM25 í Abu Dhabi hófst í vikunni og stendur til 22. des. Ísland er með einn keppanda á mótinu sem er Jóhanna Elín Guðmundsdóttir og syndir hún í 50 og 100 m skrið og 50 m flug. Eyleifur er farastjóri og þjálfari í ferðinni.
- b. NM var haldið 3-5. Des í Stokkhólmi. 12 sundmenn tóku þátt í mótinu og stóð hópurinn sig vel og voru flestir að synda nálægt sínum bestu tímum. Ísland náði á pall í tveimur greinum, Eva Margrét Falsdóttir hafnaði í þriðja sæti í 200 m fjórsundi og Freyja Birkisdóttir hafnaði í þriðja sæti í 400 m skriðsundi.
- c. Næsta æfingahelgi framtíðarhóps er áætluð 15-16. janúar 2022. Hópur verður tilkynntur 8. des
- d. Æfingabúðir landsliðshópa á Tenerife í 2.-12. febrúar. 22 einstaklingar munu taka þátt. Þjálfarar í ferðinni verða Eyleifur, Kjell og Guðmundur.

4. Fundargerðir nefnda

- 2. Fundargerð starfshóps um mótamál
- Fundargerð um niðurstöður fundar um AMÍ.

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Vikar Máni Þórsson	Fjöltnir	Ármann	14.11.2021	13.12.2021

6. Staðfesting meta

50 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
<i>Engin met lágu fyrir fundinum</i>					

25 metra laug

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
Piltament					
4x100m fjórsund	Piltalandssveit Íslands	ISL	3:46.88	04.12.2012	Svíþjóð
<i>Fannar Snævar Hauksson</i>					
<i>Daði Björnsson</i>					
<i>Birnir Freyr Hálfðánarson</i>					
<i>Veigar Hrafn Sigþórsson</i>					

4x 100m skriðsund	Piltalandssveit Íslands	ISL	3:28.63	05.12.2021	Svíþjóð
<i>Daði Björnsson</i>					
<i>Birnir Freyr Hálfðánarson</i>					
<i>Fannar Snævar</i>					
<i>Veigar Hrafn</i>					

Meyjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m flugsund	Elísabet Arnoddsdóttir	ÍRB	30:40	04.12.2021	Reykjavík

Drengjamet

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Boðsund Karla

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

Blönduð boðsund

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
--------	-------	--------	-------	-------	---------

7. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
24.11.2021	Extraordinary LEN Congress, Frankfurt 5 feb.2022	LEN
13.12.2021	Minutes Len Congress Budapest september 2021	LEN

Önnur mál:

- Formaður og framkvæmdastjóri sátu formannafund SSÍ sem haldin var þann 8. des. Á fundinum hélt m.a nýr íþróttamálaráðherra Ásmundur Einar Daðason erindi og ætlar hann sér stóra hluti með íþróttahreyfingunni á kjörtímabilinu.
- Ný var opnuð í Úlfarsárdal síðastliðna helgi. Það voru mikil vonbrigði að borgaryfirvöld hafi ekki séð sér fært að bjóða forsvarsmönnum SSÍ til opunarinnar.

- c) Eyleifur sat kynningu hjá ÍSÍ um styrki til þjálfaramenntunnar og verður útlistun á því kynnt betur fyrir hreyfingunni.
- d) Ársþing FINA verður haldið 18. desember n.k í sameinuðu arabísku furstadæmunum. Fulltrúar Íslands munu taka þátt í fundinum í gegnum fjarfundabúnað.
- e) Send hefur verið jólakveðja til allra sjálfboðaliða sem starfað hafa með okkur á mótum SSÍ í 3 hluta eða meira. Stjórn SSÍ óskar hreyfingunni gleðilegra jóla og þakkar kærlega fyrir samstarfið á árinu sem er að líða.

Ekki meira rætt og fundi slitið kl: 19.30